

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1462**2019/EES/31/51**

frá 28. september 2018

um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar nákvæmar skilgreiningar á tilteknum sorbítanesterum (E 491 sorbítanmónósterat, E 492 sorbítantrísterat og E 495 sorbítanmónópalmítat) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 14. gr.,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ⁽²⁾, einkum 5. mgr. 7. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 ⁽³⁾ er mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.
- 2) Þessar nákvæmu skilgreiningar má uppfæra í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Hinn 14. október 2014 var lögð fram umsókn um breytingu á nákvæmum skilgreiningum varðandi matvælaaukefni sorbítanmónósterat (E 491), sorbítantrísterat (E 492) og sorbítanmónópalmítat (E 495). Umsóknin var gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 4) Í núgildandi nákvæmum skilgreiningum Sambandsins er mælt fyrir um mismunandi storknunarhitastig (sanngreiningarmælipáttur) fyrir sorbítanmónósterat (E 491), sorbítantrísterat (E 492) og sorbítanmónópalmítat (E 495).
- 5) Umsækjandinn fór fram á að tilvísunin í storknunarmarkið sem aðferð til að sanngreina sorbítanmónósterat (E 491), sorbítantrísterat (E 492) og sorbítanmónópalmítat (E 495) yrði felld brott úr nákvæmum skilgreiningum Sambandsins þar eð þetta er ekki ákjósanleg aðferð til sanngreiningar sökum þess að skýr og sameiginleg aðferðafræði er ekki fyrir hendi.
- 6) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 5. maí 2017 ⁽⁴⁾ að breytingin á nákvæmu skilgreiningunum, að því er varðar að fella brott mælipáttinn „storknunarmark“ til að sanngreina sorbítanmónósterat (E 491), sorbítantrísterat (E 492) og sorbítanmónópalmítat (E 495) eins og umsækjandinn leggur til, myndi ekki hafa öryggisvanda í för með sér.
- 7) Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að brottfelling storknunarmarksins úr nákvæmum skilgreiningum Sambandsins myndi leiða til þess að lýsingar á eiginleikum mismunandi sorbítanestera af mettudum fitusýrum yrðu minni og að annar sanngreiningarmælipáttur gæti komið í stað þessa. Matvælaöryggisstofnunin tók fram að af öllum tiltækum greiningaraðferðum virtist gasgreining skila nákvæmustu og traustustu niðurstöðunum og hún hentar við matvælaeftirlit.
- 8) Því þykir rétt að breyta nákvæmum skilgreiningum Sambandsins að því er varðar að fella brott „storknunarmark“ sem sanngreiningarmælipátt fyrir matvælaaukefni sorbítanmónósterat (E 491), sorbítantrísterat (E 492) og sorbítanmónópalmítat (E 495) og setja þess í stað „sanngreiningarprófun — eftir sýrutölu, joðtölu og með gasgreiningu“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 245, 1.10.2018, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

(2) Stjttíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjttíð ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

(4) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aukefni í matvælum og næringarefni sem bætt er við matvæli, 2017. „Scientific Opinion on the re-evaluation of sorbitan monostearate (E 491), sorbitan tristearate (E 492), sorbitan monolaurate (E 493), sorbitan monooleate (E 494) and sorbitan monopalmitate (E 495) when used as food additives.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(5), 4788, 56 bls. <https://doi.org/10.2903/j.efsa.2017.4788>.

- 9) Því ætti að breyta viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. september 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað nákvæmu skilgreininganna að því er varðar „storknunarmark“ í færslunni fyrir matvælaaukefnið E 491 sorbítanmónósterat komi eftirfarandi:

„Sanngreiningarprófun	eftir sýrutölu, joðtölu (ekki yfir 4) og með gasgreiningu“
-----------------------	--

- 2) Í stað nákvæmu skilgreininganna að því er varðar „storknunarmark“ í færslunni fyrir matvælaaukefnið E 492 sorbítantrísterat komi eftirfarandi:

„Sanngreiningarprófun	eftir sýrutölu, joðtölu (ekki yfir 4) og með gasgreiningu“
-----------------------	--

- 3) Í stað nákvæmu skilgreininganna að því er varðar „storknunarmark“ í færslunni fyrir matvælaaukefnið E 495 sorbítanmónópalmítat komi eftirfarandi:

„Sanngreiningarprófun	eftir sýrutölu, joðtölu (ekki yfir 4) og með gasgreiningu“
-----------------------	--